


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	Sag 303 - menningarsaga Kennsluáætlun – Vorönn 2014	

Kennari	Þorsteinn Kruger	Sk.st.	ÞOK
----------------	------------------	---------------	-----


Áfangalýsing:

Í þessum áfanga eru valin tímabil og svið í menningarsögu Evrópu tekin til skoðunar í ljósi ýmissa þátta, t.d. myndlistar, byggingarsögu, bókmennta, heimspeki, hugarfars og félagsgerðar samfélaga. Nemendur kynna sér frumtexta, skoða samtímamyndefni og tónlist ásamt því að tileinka sér fræðilega og skáldlega umfjöllun um efnið. Teknir verða fyrir valdir efnisþættir, t.d. grísk klassík, rómversk menning, heimur miðalda, kristin menning, íslömsk menning, endurreisnin á Ítalíu, barokköldin, stefnur og straumar í list og menningu á 19. öld og tíðarandi. Tækni og tækninýjungar, áhrif þess á samfélög og lífskjör manna. Einnig verða nemendur þjálfaðir í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og verkefnum.

Markmið:

Nemandinn:


- þekki mismunandi skilning á menningarhugtakinu.
- sýni leikni við að leita sér upplýsinga með margvíslegum hætti, t.d. í ritum og á netinu.
- tileinki sér fræðilega umfjöllun um efnið, t.d. í handbókum og yfirlitsritum.
- tileinki sér fræðileg og vönduð vinnubrögð í tengslum við verkefna- og ritgerðarskil.
- átti sig á nokkrum dráttum í stjórnarfari og félagsgerð borgríkja forn-Grikkja.
- þekki einkenni þjóðfélagshópa í Grikklandi til forna og lýðræðisfyrirkomulag.
- lesi forngrískan texta í íslenskum þýðingum og greini viðfangsefni þeirra.
- þekki helstu heimspekinga, verk þeirra og áhrif, sagnaritara og helstu skáld og verk þeirra.
- þekki nokkur áhrif grískrar menningar á seinni tíma.
- geri sér grein fyrir umfangi Rómaveldis.
- þekki til rómverskrar löggjafar, fjölskyldu og stöðu kynja, siða og hátíða.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Sag 303 - menningarsaga Kennsluáætlun – Vorönn 2014	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 4		

- geti nefnt helstu skáld Rómverja og verk þeirra.
- þekki upphaf og þróun kirkjunnar.
- kannist við ríki Karlamagnúsar og þekki upphaf háskólanna.
- þekki upphaf islam og menningaráhrif araba.
- geti skilgreint hugtakið “endurreisn” eða renaissance og helstu einkenni þess tíma sem hugtakið nær yfir.
- þekki hugmyndaheim og líf venjulegs fólks á miðöldum og í upphafi endurreisnar.
- þekki helstu listamenn endurreisnar og nýaldar.
- geri sér grein fyrir áhrifum nýrrar tækni á samfélög og menn og hvernig tækninýjungar móta menninguna á hverjum tíma.
- kanni skáldverk eða kvikmynd um efni sem byggist á sögulegum grunni, íslenskt verk eða erlent.
- meti misjöfn efnistöð, markmið og framsetningu efnisins.
- meti heimildagildi sögulegra verka, kosti og galla við notkun þeirra, t.d. í kennslu.

Námsgögn:


Tegund	Námsgögn
Bækur	Heiðrún Geirsdóttir, Jón Gunnar Þorsteinsson, Margrét Gunnarsdóttir: Þættir úr menningarsögu NB. Nýja bókafélagið. Reykjavík 2004.
Tímarit og bækur	Ýmsar bækur og tímarit á bókasafni.
Myndbönd	Söguleg bíómynd (eða bókmenntaverk sem byggir á sögulegum grunni).
Ljósrit (afhent)	Ýmsir þýddir textar frá klassískri fornöld.
Netið	Heimildaleit og verkefnavinna.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambýkkt:SHJ		
Síða 3 af 4	Sag 303 - menningarsaga Kennsluáætlun – Vorönn 2014	

Áætlun um yfirferð:

Vika (Innunnr.)	Námsefni	Verkefni
	Menning fornaldar:	
2. - 5. vika	Grikkland hið forna, bls. 9 – 38, auk ítarefnis sem afhent verður. Fyrirlestarefni kynnt.	Skilaverkefni
6. - 7. vika	Rómarmenning, bls. 38 – 57.	
	Heimur miðalda:	
8. vika	Kristin menning, klausturlíf, upphaf háskóla, áhrif islam og krossferðir, bls. 59 – 95.	Skilaverkefni
9. - 10. vika	Endurreisn og miðaldir, bls. 97 – 127. Könnun úr fyrstu tveimur köflunum.	Könnun (10%)
11. vika	Undirbúningur fyrirlestra og kynninga.	
12. vika	Fyrirlestrar nemenda og kynningar.	Fyrirlestar nem.
	Frá barrokköld til upphafs nútíma:	
13. - 14. vika	Menning og listalíf 17. og 18. aldar, bls. 129 – 165.	
	Sagan í skáldlegum búningi:	
15. - 18. vika	Efni afhent af kennara. Skáldverk sem byggja á sögulegum grunni, smásaga eða bíómynd.	Skilaverkefni

Vikunúmerin hér eru vikunúmer almanaksins og Innu.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Sambykkt:SHJ		
Síða 4 af 4	Sag 303 - menningarsaga Kennsluáætlun – Vorönn 2014	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf	Skriflegt próf í lok annar.	40%
Miðannarpróf	Próf úr fyrstu tveimur hlutum kennslubókarinnar í 9. eða 10. viku, síðustu viku febrúar eða fyrstu viku mars.	10%
Skilaverkefni	Skilaverkefni. Þrjú slík verkefni, hvert er um 3 til 4 bls. að lengd. 10% hvert verkefni.	30%
Fyrirlestur	U.þ.b. 10 - 15 mín. kynning nem. á völdu efni með glærum eða með öðru móti.	20%
Annað	Öll verkefni verða að vera tölvuunnin og þeim ber að skila á auglýstum skiladegi. Sjá meðfylgjandi reglur um verkefnaskil. Athugið vel að öll tölvunotkun í tímum sem ekki tengist náminu er bönnuð.	

Glæsur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle- kennsluvefnum. Auk þess verða þar tilkynningar frá kennara um námið og skipulag þess, því er mikilvægt að líta reglulega inn á vef áfangans.

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf.

Þorsteinn Kruger (ÞOK)

kruger@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils